

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 11. febrúar 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Valdimar Jón Björnsson og Magnús B. Jónsson, Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2011 (fyrrri umræða)

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti ársreikning sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2011 og fór yfir helstu lykiltölur hans og samanburð við fyrra ár og fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti að vísa honum til annarrar umræðu á næsta fundi.

2. Þriggja ára áætlun sveitarsjóðs og stofnana.

Fyrir fundinum lá áætlun fyrir árabilið 2013-2015 sem var til fyrrri umræðu 24. febrúar sl. Sveitarstjórn staðfesti áætlunina.

3. Innréttingar í bókasafn

Fyrir fundinum lágu gögn sem innhéldu tilboð í bókasafnsbúnað fyrir bókasafnið frá Þjónustumiðstöð bókasafna ses. Sveitarstjórn yfirfór gögn sem lágu fyrir fundinum en ákvað að láta vinna nánari úttekt á efni og heildarkostnaði fyrir innréttingar og leggja fyrir sveitarstjórn.

4. Bréf:

- a) Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 3. apríl 2012

Með bréfinu er tilkynnt um tímasetningu 20. ársþings SSNV 2012 sem haldið verður 12. og 13. október 2012 á Skagaströnd. Jafnframt er bent á að sveitarstjórnir skuli tilkynna um nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. júlí.

Bréfið var til kynningar.

- b) Ringerike kommune, dags. 7. mars 2012

Með bréfinu býður Kjell B. Hansen, forseti bæjarstjórnar Ringerike fulltrúum frá sveitarfélögunum Skagaströnd, Växjö, Lohja og Aabenraa til vinabæjamóts í Hönefoss dagana 16.-19. maí 2012.

Sveitarstjóra var falið að svara bréfinu um þátttöku frá Skagaströnd.

c) Forstjóra Vinnuálagstofnunar, dags. 28. mars 2012

Með bréfinu tilkynnir Gissur Pétursson, forstjóri VMST um ákvörðun velferðarráðherra og stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs um að verja fjármunum til að fjölga störfum fyrir námsmenn næsta sumar með líkum hætti og gert hefur verið undanfarin sumur. Með bréfinu er jafnframt hvatt til að sveitarfélög hefji nú þegar undirbúning átaksins. Meðfylgjandi bréfinu var umsókn sveitarfélagsins Skagastrandar um 10 störf í umræddu átaki fyrir námsmenn. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti umsókn um störfina sem er í samræmi við lið 1303 í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2012.

d) Óbyggðanefndar, 30. mars 2012

Með bréfinu er tilkynnt um að óbyggðanefnd hafi orðið við beiðni fjármálaráðherra um framlengdan frest til 30. júní nk. til að lýsa þjóðlendukröfum á svæði sem nefndin hefur skilgreint sem 8A.

Bréfið var til kynningar.

e) Tækifæris, dags. 30. mars 2012

Með bréfinu er tilkynnt um að aðalfundur Tækifæris verði haldinn mánudaginn 16. apríl nk. á Akureyri.

Bréfið var til kynningar.

f) Innanríkisráðuneytis, dags. 2. mars 2012

Með bréfinu er kynnt niðurstaða nefndar sem hefur fjallað um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Meðfylgjandi bréfinu var skýrsla nefndarinnar þar sem tillögur hennar eru kynntar.

Bréfið og fylgigögn þess voru til kynningar.

g) Sveitarstjóra til Skipulagsstofnunar, dags. 9. mars 2012

Í bréfinu er veitt umsögn um lagningu heitavatnspípu skv. beiðni Skipulagsstofnunar.

Bréfið var til kynningar.

h) Skipulagsstofnunar, dags. 2. apríl 2012

Skipulagsstofnun sendir RARIK bréf og sveitarfélaginu afrit þar sem kynnt er ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar við lagningu heitavatnspípu frá Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduósbæ, Skagabyggð og að Skagaströnd.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bréfið var til kynningar.

5. Fundargerðir

a) Tólmstunda- og menningarmálanefnd, 27.03.2012

Fundargerðin var samþykkt

- b) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 13.03.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Stjórnar SSNV, 19.03.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar SSNV með ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, 20.03.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. 24.02.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. 16.03.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- g) XXVI. landsþings Samb. ísl. sveitarfélaga, 23.03.2012
Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

Nokkur mál voru til umfjöllunar:

- Félagslegar íbúðir
- Sjúkrabílamál
- Rannsóknarsetur HÍ, ljósmyndasafn og Námsstofu
- Hafnamál
- Atvinnulíf á Skagaströnd

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Valdimar Jón Björnsson

Magnús B. Jónsson